

Norðurþing  
Bt. Katrín Sigurjónsdóttir  
v/Ketilsbraut  
640 Húsavík

Á stjórnarfundum Framsýnar miðvikudaginn 16. nóvember urðu miklar umræður um gjaldskrárhækkanir sem komið hafa til og eru í farvatninu hjá opinberum stofnunum. Höfðu fundarmenn miklar áhyggjur af stöðunni. Í lok fundar var ákveðið að álykta um málið og skora á ríkið og sveitarfélög á félagssvæði stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum að gæta hófs í hækkunum á þjónustugjöldum:

*„Framsýn stéttarfélag skorar á ríki og sveitarfélög að gæta hófs í hækkunum á opinberum gjöldum s.s. þjónustugjöldum fyrir almenna þjónustu, heilbrigðisþjónustu og sköttum á eldsneyti. Eins ber að nefna gjaldskrárhækkanir eins og hækkanir á fasteignagjöldum, sem veða almennt mjög þungt í vasa þeirra sem minna hafa á milli handanna.*

*Heimilin í landinu hafa þegar tekið á sig miklar verðhækkanir s.s. á eldsneyti, flutninga, matvöru í skugga stríðs og heimsfaraldurs, svo ekki sé talað um hækkanir stýrivaxta sem hafa bein áhrif á leigugreiðslur og lánaafborganir.*

*Það hjálpar ekki við gerð yfirstandandi kjarasamninga þar sem lagt er að verkalýðshreyfingunni að leggja fram hófstílltar launakröfur, haldi opinberir aðilar ekki að sér höndum varðandi hækkanir á gjaldskrá og íþyngjandi sköttum. Slíkt er olía á eldinn. Verkaþólk á Íslandi getur ekki eitt haldið samfélaginu gangandi, það kallar því eftir sanngirni og jöfnuði í þjóðfélaginu.*

*Að mati Framsýnar stéttarfélags er mikill ábyrgðarhluti að ganga frá endurnýjuðum kjarasamningum á vinnumarkaði nema fyrir liggja skýr afstaða opinberra aðila að þeir ætli sér að halda niðri öllum kostnaðarliðum sem áhrif hafa á afkomu heimilanna í landinu. Aðeins þannig er hægt að tryggja sátt á íslenskum vinnumarkaði á komandi árum enda séu Samtök atvinnulífsins jafnframt tilbúin að koma til móts við verkalýðshreyfinguna um sanngjarnar launahækkanir til handa verkaþólki.“*

Húsavík 17. nóvember 2022

Fh. Framsýnar stéttarfélags  
  
Aðalsteinn Árni Baldursson

Samrit:  
Sveitarfélög á félagssvæði Framsýnar